



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Samtök iðnaðarins

Alþingi
Umhverfisstofnun
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Rvk. 06.12.2005

Efni: Umsögn SA og SI um stjórnarfrumvarp um hollustuhætti og mengunarvarnir, 314. mál.

Með lagabreytingunni, sem hér er lögð til, er ráðherra veitt heimild til að kveða á um að innra eftirlit í fyrirtækjum, sem eru eftirlitsskyld samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, skuli sæta úttekt faggilts aðila. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ástæða þessarar breytingar sé sú að æskilegt er að úttekt á leikvallatækjum sé í höndum faggilts aðila. Í frumvarpinu er ákvæðið almennt orðað og með því er opnað fyrir það að ákvæðinu verði beitt á aðra starfsemi sem fellur undir lögin.

Umsagnaraðilar styðja þá breytingu að faggiltir aðilar komi að eftirliti samkvæmt lögnum. Mikilvægt er að mörkuð verði sú stefna að faggiltir aðilar sem starfa á samkeppnismarkaði taki í meira mæli en nú er að sér að fylgjast með því að farið sé að lögum og reglum og að samtímis sé dregið úr umfangi opinbers eftirlits enda er ráð fyrir því gert í frumvarpsgreininni:

„Heimilt er ráðherra að kveða þar á um að innra eftirlit skuli að hluta eða í heild sæta úttekt faggilts aðila. Þar skal einnig m.a. kveðið á um umfang opinbers eftirlits og ákvörðun eftirlitsgjalda sem taka mið af innra eftirliti þeirra fyrirtækja sem eftirlitið beinist að.“

Virðingarfyllst,

Samtök atvinnulífsins

Pétur Reimarsson

Samtök iðnaðarins

Bryndís Skúladóttir